



AÐALSKIPULAG RANGÁRPINGS YTRA 2016-2028

Breyting aðalskipulags

Efnistaka við Minni-Velli

31.10.2024





SAMPYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 12.2.2025



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 3.3.2025



SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 09.10.2024 með athugasemdafresti til: 24.10.2024.

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá: _____ með athugasemdafresti til: _____.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 11.11. með athugasemdafresti til: 29.1.2025

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____.

AÐALSKIPULAGSBREYTING

SKJALALYKILL

103882-GRG-001-V02

HÖFUNDUR

HB

RÝNT

BRE/ÁJ

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	5
2.1	Staðhættir	5
3	TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	7
3.1	Landskipulagsstefna 2024-2038	7
3.2	Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028	7
3.3	Samræmi breytingar við Landskipulagsstefnu og aðalskipulags.	8
3.4	Deiliskipulag	8
3.5	Vatnaáætlun 2022-2027	8
3.6	Orkustefna til ársins 2050	9
3.7	Fornminjar	9
4	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	9
4.1	Breyting á uppdrætti	9
4.2	Breyting á greinagerð	9
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	10
5.1	Tengsl við aðrar áætlanir	10
5.2	Umhverfisþættir og áherslur	10
5.3	Valkostir	12
5.4	Mat á umhverfisáhrifum	12
5.4.1	Niðurstaða	13
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	14
6.1	Umsagnaraðilar	14
6.2	Skipulagsferli	14
7	UPPDRÁTTUR	15

1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 skv. 1. mgr. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrirhugað er að stækka efnistökusvæði E30 í landi Minni-Valla (L164995) sem nýtt verður að stórum hluta til endurbyggingar á Hvammsvegi sem verður aðal aðkomuvegur að Hvammsvirkjun í Þjórsá.

Með breytingunni stækkar efnistökusvæðið úr 1,0 ha í 6,8 ha, með allt að 90.000 m³ efnistöku. Efnistaka hefur verið stunduð í námunni í áratugi og áætlað er að um 20.000 m³ af efni hafi verið teknir úr námunni á um 1,4 ha svæði en skv. gildandi aðalskipulagi er heimilt að vinna allt að 50.000 m³. Því er verið að auka efnistokuheimild um 40.000 m³.

Efnistakan er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu skv. 1. Viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu liggur fyrir (dags. 9. apríl 2024) og er fyrirhuguð framkvæmd ekki talin líkleg til að hafa í för með sér umtals umhverfisáhrif og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er háð framkvæmdarleyfi Rangárþings ytra skv. skipulagslögum og leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsuppdrætti. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi og breyttur aðalskipulagsuppdráttur í mkv. 1:50.000
- Greinagerð þessi.



MYND 1. Fyrirhugað efnistökusvæði skv. matstilkynningu.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Framkvæmdin felst í áframhaldandi efnistöku, allt að 90.000 m³, en til þess þarf að stækka afmörkun náumnar. Fyrirhugað er að efnistakan muni fara fram innan núverandi námusvæðis, sem þegar er raskað, og á um 5,4 ha óroskuðu svæði suðvestan þess. Heildarflatarmál raskaðs svæðis kemur því til með að vera 6,8 ha að efnistöku lokinni.

Framkvæmdaraðili er Landefni ehf. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að afla efnis til enduruppbryggingar á Hvammsvegi sem kemur til með að vera aðalaðkomuvegur að Hvammsvirkjun. Efnistaka hefur þegar farið fram í Minnivallanámu og er þetta sú náma sem er hvað næst Hvammsvegi. Framkvæmdin samræmist stefnu aðalskipulags Rangárþings ytra, kafla 2.3.9., um að efnistökusvæði séu í námunda við notkunarstað efnis.

Unnið efni verður haugsett tímabundið á námusvæðinu, sótt eftir þörfum og flutt að framkvæmdarsvæði Hvammsvegar, en áætlað er að um 20.000 m³ af efni fari í veginn úr Minnivallanámu. Hvammsvegur er í um 5-6 km fjarlægð frá Minnivallanámu og ekið er eftir Landvegi (nr.26). Annað efni verður notað eftir þörfum í framkvæmdir í sveitinni, mögulega aðrar þætti Hvammsvirkjunar, en einnig almennar framkvæmdir til framtíðar.

Framkvæmdaraðili hefur gróflega áætlað að efnisvinnsla hefjist veturn 2024 eða vor/sumar 2025 og að efni verði svo tekið úr námunni eftir þörfum á meðan heimildir leyfa.

2.1 Staðhættir

Minnivallanáma er í Landsveit, í landi Minni-Valla, landnr. 164995, um 18 km norðan við Hellu, skammt sunnan Landvegar (nr.26) sem liggur frá Hringvegi vestan við Hellu. Staðsetning efnistökusvæðisins er sýnd á mynd 1. Slóði liggur frá Landvegi (nr.26) að efnistökusvæðinu. Landslag á svæðinu er fremur flatt, blásið hraun með hraunhlóum, en þunn jarðvegsþekja er viða ofan á hrauninu. Vegslóðinn að efnistökusvæðinu er greinilegur í landslaginu en að honum undanskildum eru ummerki um efnistökusvæðið lítt áberandi. Náman er innan uppblástursgeira, sem blés upp fyrr á oldum en hefur verið að endurheimta gróðurhulu smám saman.

Efnistökusvæðið er staðsett í Þjórsárhrauni, nútímahrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Þjórsárhraun þekur stóran hluta Suðurlandsundirlendisins og er stærsta hraun á Íslandi í flatarmáli og rúmmáli. Svæðið er innan fjarsvæðis vatnsverndar samkvæmt aðalskipulagsupprætti Rangárþings ytra.

Samkvæmt vitgerðarkortlagningu NÍ er að finna vistgerðirnar víðikjarrivist, língresis- og vingulsvist, einnig er VOT-S 3 Suðurlandsundirlendi en það er mikilvægt fuglaverndunarsvæði. Þessi svæði hafa hátt til mjög hátt verndargildi í samræmi við Bernarsamninginn frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfust verndar.



MYND 2. Fyrirhugað efnistökusvæði er innan rauða rammans. Mynd frá map.is/ry.

Suðaustan við núverandi námu liggur Búrfellslína 2 sem er 220 kV loftlina á vegum landsnets. Meðfram henni gildir byggingarbann, þ.e. á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Komi stækkun efnistökusvæðis til með að ná til helgunarsvæðis loftlinu eða ef efnisflutningar þveri helgunarsvæðið skal samráð haft við Landsnet.

3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Lanskipulagsstefna 2024-2038

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál sem byggir á þeirri framtíðarsýn „*að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji við samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum*“.

Í stefnunni eru sett fram markmið um að vernd umhverfis og náttúru skuli stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Stuðla skal að almennri *velsæld samfélagsins* og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þá skal skipulag stuðla að *samkeppnishæfu atvinnulífi* með því að auka samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

3.2 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Í gildi er Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028 en þar er efnistökusvæðið með auðkennið E30. Í greinargerð aðalskipulagsins segir [1]:

„*Bergnáma, efnismagn allt að 50.000 m³. Náman er innan fjarsvæðis vatnsverndar. Ekki er heimilt að geyma á henni mengandi efni, s.s. oliur. Stærð er um 1 ha.*“

Í kafla 2.3.9 **Efnistöku- og efnislosunarsvæði** í gildandi aðalskipulagi er eftirfarandi stefna:

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fer að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, þ.e.a.s. friðlýstum svæðum eða svæðum á náttúrumjaskrá og hverfisverndarsvæðum.
- Efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdarleyfi skv. lögum.
- Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.

Gerð er grein fyrir þeim svæðum þar sem efnistaka fer fram eða er fyrirhuguð. Áfram er gert ráð fyrir efnistöku á þeim svæðum sem þegar eru nýtt en einnig á nokkrum nýjum svæðum. Gert er ráð fyrir riflegum svæðum fyrir efnistöku til þess að hægt sé að nýta þá tegund efnis sem best hentar hverju sinni og til að draga úr því að aka þurfi langar leiðir með efni.

Flestir námar í sveitarfélagini eru nýttar til vegagerðar og eru þær í eða við núverandi vegstæði til að lágmarka umhverfisáhrif. Námar verða einungis opnar á framkvæmdatíma og gengið frá þeim um leið og efnitöku lýkur. Öll efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdarleyfi sbr. reglugerð 772/2012. Heimilt er landeiganda að taka efni til eigin nota án þess að fá framkvæmdarleyfi eða náma sé skilgreind í aðalskipulagi. Þegar efnistökusvæði er valið þarf að líta á jarðefni sem auðlind og nýta efnið til þess sem það er best til fallið.

Náman er á vatnsverndarsvæði, fjarsvæði vatnsverndar. Um skilmála er fjallað í kafla **3.5 Vatnaáætlun 2022-2027** þar sem allar framkvæmdir skulu taka mið af reglugerð um heimildir á fjarsvæðum vatnsbóla.



Mynd 3 Hluti Aðalskipulags Rangárþings ytra 2016-2028.fyrir breytingu. Efnistökusvæði E30 er sýnt sem rauður punktur sem merktur hefur verið með hvítum hring. Skástríkaða svæðið er fjarsvæði vatnsverndar.

3.3 Samræmi breytingar við Landskipulagsstefnu og aðalskipulags.

Eftirfarandi breytingar eru í samræmi við markmið landskipulagsstefnu og stefnu gildandi aðalskipulags um að styrkja byggð og atvinnulíf.

3.4 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Sækja þarf um framkvæmdarleyfi fyrir áætlaðri hugaða efnistöku.

3.5 Vatnaáætlun 2022-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en markmið þeirra er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndar vatnsauðlindarinnar. Skipulagssvæðið er innan grunnvatnshlotsins Tungnaárhaun (103-308-G). Ástand þess er óþekkt en umhverfismarkmið vatnshlotsins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafraðilegt ástand.

Þá er efnistökusvæðið innan fjarsvæðis vatnsverndar vegna vatnsbóla VB8 við Tvíbytnulæk og VB9 við Kerauga. Skal fyllstu varúðar gætt með meðferð hættulegra efna, sérstaklega þar sem vitað er um sprungur eða misgengi. Ekki verða geymd hættuleg eða mengandi efni, s.s. olía á svæðinu.

3.6 Orkustefna til ársins 2050

Orkustefna til ársins 2050 er langtímaorkustefna stjórnvalda þar sem sett er fram framtíðarsýn og leiðarljós í orkumálum á Íslandi. Tilgreind eru fimm meginstoðir orkustefnunnar: orkuöryggi, orkuskipti, orkunýting og sparnaður, samfélag og efnahagur og umhverfi.

Um orkuöryggi segir m.a. að „*Orkuöryggi miðast við að tryggja nægilegt og öflugt framboð á orkugjöfum, rafmagni, heitu vatni og jarðefnaeldsneyti fyrir heimili, grunnpjónustu og atvinnulif, sem og að vernda innviði orkuiðnaðarins fyrir truflunum vegna náttúrvár, skemmdarverka eða af öðrum orsökum*“.

Orkustefna undirstrikar mikilvægi þess að sátt ríki um vernd náttúru og nýtingu orkuauðlinda og að öll umhverfisáhrif eru lágmörkuð eins og kostur er. Efni úr náminu kemur til með að vera nýtt fyrir starfsemi og rekstur Landsvirkjunar sem miðar að endurbótum og eflingu raforkukerfi landsins

3.7 Fornminjar

Aðalskráning fornleifa hefur verið lokið í Rangárþingi ytra. Engar þekktar fornminjar eru innan svæðisins en nokkrar minjar eru skráðar í nágrenni við fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Fram kom ábending frá Minjastofnun, um að hugað skuli að gömlu bæjarstæði Minni-Valla og verður nánar gerð grein fyrir því við veitingu framkvæmdaleyfis, þannig að bæjarstæði verði vel utan skilgreinds efnistökusvæðis.

Finnist áður ókunnar minjar ber að kynna fundinn til Minjastofnunar Íslands svo fljótt sem auðið er í samræmi við 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Minnt er á að friðhelgað svæði umhverfis fornminja er 15 m skv. 22. gr. laga um menningarminja nr. 80/2012.

4 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerðar verða breytingar bæði á skipulagsupprætti og greinagerð Aðalskipulags Rangárþings ytra 2016-2028.

4.1 Breyting á uppdrætti

Stækkað er fláka E30 um 5,4 ha og verður hann þá 6,8 ha að stærð. Landbúnaðarland mun minnkari sem nemur stækkun efnistökusvæðisins. Hverfisvernd mun haldast, þar sem efnistakan er aðeins tímabundið og verður gengið frá tökusvæðinu að framkvæmdum loknum.

4.2 Breyting á greinagerð

Gerð er breyting á töflu í kafla 2.3.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði þar sem E30 stækkar um 5,4 ha.

TAFLA 1. Texti í núverandi greinargerð

EFNISTÖKUSVÆÐI			
NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD
E30	Minnivallanáma	Bergnáma, efnismagn allt að 50.000 m ³ . Náman er innan fjarsvæðis vatnsverndar. Ekki er heimilt að geyma í henni mengandi efni, s.s. olíur. Stærð er um 1 ha.	Minnivellir

TAFLA 2. Texti í breyttri greinargerð

EFNISTÖKUSVÆÐI			
NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD
E30	Minnivallanáma	Bergnáma, efnismagn allt að 90.000 m ³ . Náman er innan fjarsvæðis vatnsverndar. Ekki er heimilt að geyma í henni mengandi efni, s.s. olíur. Við veitingu framkvæmdaleyfis skal sýnt fram á að gamla bæjarstæði Minni-Valla verði utan framkvæmdasvæðis. Stærð er um 6,8 ha.	Minnivellir

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, viðauka 1.01 og 5.4. gr. skipulagsreglugerð 90/2013. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif.

Breytingin hefur óveruleg umhverfisáhrif umfram þau áhrif sem núverandi efnistökusvæði hefur. Svæðið er þegar raskað og stækkunin er óveruleg. Rask á hrauni er talið óverulegt. Æskilegra er talið að stækka efnistökusvæði heldur en að skilgreina nýtt á óroskuðu svæði sem myndi hafa meiri umhverfisáhrif. .

5.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Í umhverfismatsskýrslu er gerð grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna.

5.2 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni verða skoðuð áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 3 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir mögulegar meginþurningar í umhverfismatsskýrslu er að finna í töflunni. Viðmið fyrir hvern umhverfispátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjólum og/eða alþjóðlegum skuldbindingum.

TAFLA 2. Umhverfispættir, viðmið og matssþurningar.

UMHVERFISPÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag Ásýnd og sjónræn áhrif. Landnotkun.	Landsskipulagsstefna 2024-2038.	Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?

UMHVERFISPÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<ul style="list-style-type: none"> Skipulag stuðli að moguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið. Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð viðerni og landslagsheildir. <p>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</p> <ul style="list-style-type: none"> Stuðla að fjölbreyttari landnýtingu í samræmi við landgæði og ástand lands. Tryggja nægt framboð efnistökusvæða og þau séu í námund við notkunarstað efnis. Áhersla á góða umgengi á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok. Leitast verður við að viðhalda litt snortnu yfirbragði hálendisins. <p>5. gr. Jarðalaga nr. 81/2004.</p>	Hefur stefnan áhrif á landslagsheildir? Hefur stefnan áhrif á landnotkun?
Loftslagsmál <i>Kolefnisbinding. Kolefnishlutleysi.</i>	<p>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. <i>Skipulag stuðli að orkuskiptum og að orkuuðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarljósi að draga úr losun og tryggja orkuöryggi.</i> <p>Aðgerðaráætlun i loftslagsmálum.</p>	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið?
Náttúrufar <i>Gróður. Vistkerfi. Jarðvegur. Búsvæði dýra.</i>	<p>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</p> <ul style="list-style-type: none"> Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu viðerna landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. <p>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</p> <ul style="list-style-type: none"> Stuðla að gróðurvernd og landgræðslu. Unnið verður að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða. Raskist gróð land vegna framkvæmda skal að lágmarki ígildi þess gróðurs sem tapast grætt upp. <p>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Vistgerðarkortlagning NÍ. Vistgerðarkortlagning NÍ.</p> <ul style="list-style-type: none"> VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði. 	Hefur stefnan áhrif á gróður, jarðveg og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?
Heilnæmt umhverfi <i>Mengun og hávaði. Vatnsvernd.</i>	<p>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</p> <ul style="list-style-type: none"> Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. <p>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</p> <ul style="list-style-type: none"> Standa vörð um vernd grunnvatns sem neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi. Landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis. Í nánum innan friðlands, náttúruminjaskrá, vatnsverndarsvæðum eða öðrum verndarsvæðum er óheimilt að geyma oliur eða önnur mengandi efni. <p>Vatnaáætlun Íslands 2020-2037.</p> <ul style="list-style-type: none"> Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. <p>Reglugerð um hávaða 724/2008. Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.</p>	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins? Hefur stefnan áhrif á vatnshlot?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Samfélag Atvinnulif. Íbúar. Hagræn áhrif.	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag stuðla að uppbyggingu atvinnulifs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands. <p><i>Aðalskipulag Rangárþing ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Efla byggð og atvinnulif og stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum. 	<p>Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á íbúa og íbúaþróun?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á framboð fristundabyggðar?</p>
Náttúru- og menningarminjar Fornminjar.	<p><i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Stuðla að varðveislu sögu, náttúru og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða. Landnotkun stuðli að varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu. <p><i>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</i></p> <p><i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</i></p> <p><i>Aðalskráning fornminja.</i></p>	<p>Hefur stefnan áhrif á fornminjar?</p>

5.3 Valkostir

Gildandi aðalskipulag (núll kostur) verður borið saman við tillögu um breytt aðalskipulag.

5.4 Mat á umhverfisáhrifum

BREYTT SKIPULAG:

Áhrif á land og landslag eru metin neikvæð/óveruleg. Áhrif framkvæmda á svæðinu er neikvæð á meðan vinnslu stendur, ef vel er gengið frá efnistökusvæði að vinnslu lokinni og svæðið grætt upp mun framkvæmdin hafa óveruleg áhrif á landslagið. Ásýndaráhrif eru mest frá Landvegi þar sem aðkomuvegur er greinilegur til að byrja með en hverfur fljótt ásýndum. Ummerki um efnistökusvæðið eru takmörkuð þar sem svæðið er hulið ásýndum þar sem hæðir og hólar eru í sjónlinu og efnistakan sjálf og starfsemi hennar niðurgrafin.

Áhrif á loftslagsmál eru metin óviss/jákvæð. Erfitt er að segja með vissu hver áhrif á loftslagsmál eru vegna fyrirhugaðar stækkunar. Útbálstur kemur til að aukast við framkvæmdir, m.a. vegna flutnings á efni og notkun á tækjum og búnaði. Gróðurhula og jarðvegur raskast og þar af leiðandi kolefnisbúskapur þess. Hinsvegar er notkunarstaður efnis nálægt námunni til að draga úr áhrifum vegna flutnings á efni og verður efnið notað í framkvæmdir tengdar vatnsafsvirkjun og eykur hlut endurnýjanlegra orkugjafa í takt við orkuskipti í samgöngum.

Áhrif á náttúufar er metin óveruleg. Svæðið er þegar raskað vegna efnistöku en fyrirhuguð stækkun fer inn á óraskað svæði sem er þó að mestu lítt gróiðhraun með grasblettum inn á milli. Áhersla er lögð á vandaðan frágang að vinnslu lokinni og að svæðið verði aðlagað að umhverfinu. Ætla má að staðargróður muni koma til baka að efnistöku lokinni. Svæðið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði en ekki er talið líklegt að framkvæmdirnar muni hafa teljandi áhrif þar sem unnið verður á einu svæði hverju sinni, einstaklingar sem verða fyrir áhrifum eru fáir og mikið er af sambærilegum búsvæðum allt í kring. Þegar efnistöku lýkur og gengið er frá svæðinu er líklegt að hægt sé að endurheimta þau búsvæði fugla sem verða fyrir raski.

Áhrif á heilnæmt umhverfi eru metin óveruleg. Svæðið er innan fjarsvæðis vatnsverndar og er ástand vatnshlots þess óþekkt. Ekki er talið líklegt að hætta stafi af mengun vegna efnistöku þar sem hún er smá og einföld í sniðum og fá tæki verða í gangi samtímis. Djúpt er niður í grunnvant og verða mengandi efni ekki geymd á svæðinu. Viðeigandi lekavarnir verða á svæðinu til að koma í veg fyrir að olía og spilliefni berist í jarðveg. Sé farið eftir varúðarráðstöfunum er ekki talin hætta á að efnafraðilegt ástand vatnshlots spillist og er ekki verið að bora eftir vatni og því verða ekki áhrif á magnstöðu vatnshlotsins. Efnistökusvæðið er fjarri byggðum og ekki líklegt að áhrif verði af loftmengun og hávaða.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Stækken efnistökusvæðis hefur í för með sér möguleika á auknum atvinnutækifærum og verður efnið úr námunni nýtt til að styrkja innviði raforkukerfis landsins og þar með tryggja afhendingaröryggi fyrir samfélagið.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru metin óveruleg. Fyrirhuguð efnistaka er úr þjórsárhrauni sem er mjög umgangsmikið og þekur stóran hluta Suðurlandsundirlendið. Hraunið nýtur verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og hefur framkvæmdin varanleg og óafturkræf áhrif á jarðmyndanir en einungis er verið að raska litlu broti af jarðmynduninni á þegar röskuðu svæði og flatarmál hraunsins verður óbreytt þar sem tekið verður ofan af hrauninu í námunni og yfirborð þess einfaldlega færst neðar og verður því ekki fjarlægt alfarið. Engar þekktar menningarminjar eru innan skipulagssvæðisins.

GILDANDI SKIPULAG:

Áhrif á landnotkun, landslag, gróður og dýr er jákvæð/óveruleg. Landið heldur sér eins og það er.

Áhrif á heilbrigði og samfélag er óveruleg. Engin breyting – svæðið heldur sér eins og það er.

Áhrif á náttúru- og náttúrumínjar eru óveruleg. Engin breyting. Engar þekktar minjar eru innan svæðisins.

5.4.1 Niðurstaða

Sveitarfélagið telur að yfir heildina litið séu áhrif af breytingunni að mestu óveruleg eða jákvæð. Þörf er á stækken efnistökusvæðis m.a. vegna endurbyggingar á Hvammsvegi sem verður aðal aðkomuvegur að Hvammsvirkjun. Framkvæmdin hefur því jákvæð áhrif á samfélagið til uppbyggingar á umhverfisvænni orkuvinnslu og til ýmsa framkvæmda í grennd við efnistökusvæðið. Svæðið er þegar raskað og verða ásýndaráhrif takmörkuð á vinnslutíma. Áhersla er lögð á vandaðan frágang svæðis að efnistöku lokinni og líklegt er að hægt sé að aðlaga röskuð svæði nokkuð vel að landi þótt hraunaáferð náist ekki. Sé farið eftir viðeigandi lögum og reglugerðum hvað varðar verndun grunnvatns og meðhöndlun efna á fjarsvæði vatnsverndar er ólíklegt að mengun eigi sér stað.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulags- og matslýsingin var kynnt til 24. okt. og bárust umsagnir frá 7. aðilum, m.a. frá Umhverfisstofnun, sem minnti á verndun hrauna og Minjastofnun varðandi að tryggja þyrfti að gamla bæjarstæði Minni-Valla yrði ekki fyrir raski. Eftir atvikum er tekið tillit til ábendinga við gerð breytingar. Breyting aðalskipulags verður auglýst og skulu umsagnir og ábendingar vera skriflegar og berast inn á skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

6.1 Umsagnaraðilar


Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands
- Vegagerðin
- Land og Skógur

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þar á meðal innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

6.2 Skipulagsferli

Skipulagslýsing og deiliskipulagstillaga verða auglýstar og kynntar skv. 40. og 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar:




Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Breyting aðalskipulags - Minnivallanáma




Skýringar

- Svæði sem breytingin nær til
 - - - Sveitarfélagsmörk
 - Sérþýlishús, Virk fitja, hús í notkun
 - Efnistöku- og efnislosunarsvæði
 - Verslun- og þjónusta
 - Friðlýstar fornminjar, ónákvæm staðsetning
 - Stofnvegir
 - Tengivegir
 - Héraðsvegir og aðrir vegir
 - - - Slóðar
 - - - Reiðleið
 - L- Ljósleiðari
 - R- Háspennulína 132-220 kV
 - R- Rafstrengur
 - + Hverfisvernd
 - [] Vatnsvernd fjarsvæði
 - [] Vatnsvernd grannsvæði
 - [] Landeignaskrá
 - Vatnafar_línur
 - 100 metra hæðarlinur
 - [] Fristundabyggð
 - [] Landbúnaðarsvæði
 - [] Skógræktar- og landgræðslusvæði
 - [] Verslun- og þjónusta
 - [] Íþróttasvæði
 - [] Óbyggð svæði
 - [] Efnistöku- og efnislosunarsvæði



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skipulagsgögn:

Z

Breyting - aðalskipulag
Minniyallanáma

Verk: 103882

UPNIS: GAI

Blaðstærð: A4

Býnt MS.

Magnitudo: 1:50 000

Mælikvarði.

Page: 05/11/2024

Brautit dags: